

# Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Desember 2011 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

## Ölvun við akstur í desember, árin 2007 til 2011.

Á mynd 1 má sjá þróun á fjölda brota vegna ölvunar við aksturs í desember árin 2007 til 2011. Þar má meðal annars sjá að slíkum brotum fækkaði frá árinu 2007 til 2009 en þau jukust svo aftur árið 2010 og voru þá 121. Milli árunna 2007 til 2011 fækkaði brotum vegna ölvunaraksturs í desember, um 42 brot eða 28% og milli árunna 2010 og 2011 fækkaði þeim um 13 brot eða tæp 11%.




Mynd 1. Ölvun við akstur, í desember, árin 2007 til 2011.

## Þróun það sem af er árinu 2011

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota árin 2009, 2010 og 2011. Skráð hegningarlagabrot í desember 2011 voru 723 og hafa ekki verið færri það ár. Þá eru það um 19% færri brot en skráð voru í nóvember á sama ári. Samanburður á fjölda brota í desember 2011 við sama tímabil árið 2010 sýnir að þeim hefur fækkað um tæp 32%. Alls voru 12.110 hegningarlagabrot skráð árið 2011. Tölur um fjölda hegningarlagabrota árið 2011 eru bráðabirgðatölur. Sveifla er í þróun hegningarlagabrota milli mánaða en að meðaltali hafa þau verið um 33 brot á dag árið 2011.

Milli árunna 2010 og 2011 hefur orðið fækkun í öllum helstu brotaflokkum, að undanskildum fíkniefnabrotum sem fjölgaði um 15%. Mest fækkaði hraðakstursbrotum eða um tæp 38% og innbrotum um 35%. Minnst fækkaði brotum er falla undir „Ölvun við akstur“ eða um 4%. Sveifla er í fjölda líkamsárása árin 2009 til 2011 en milli árunna 2010 og 2011 fækkaði þeim um tæp 9%. Milli árunna 2009 og 2011 fækkaði innbrotum mest eða um 47%. Samanburður miðast við sama tímabil, þ.e. frá janúar til desember.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2009, 2010 og 2011, greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar til desember 2009, 2010 og 2011.

	Jan.-des.'09	Jan.-des.'10	Jan.-des.'11
Hraðakstursbrot	43.013	40.397	25.208
Þjófnaðarbrott	4.950	4.920	4.002
Eignaspjöll	3.076	3.000	2.464
Innbrot	3.524	2.866	1.856
Ölvun við akstur	1.450	1.293	1.236
Fíkniefnabrot	1.328	1.537	1.771
Líkamsárás (217.-218. gr.)	1.093	1.125	1.025